

## **Garðsláttur, vinnuskóli.**

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Að þjónusta eldri borgara og öryrkja með slátt og umhirðu garða þann tíma sem vinnuskóli er starfræktur á sumrin

### **2. gr.**

#### **Gjöld.**

Lágmarksgjald fyrir slátt er 5.900 kr.

Sláttur á garði allt að 200 m<sup>2</sup> - 40 kr. m<sup>2</sup>.

Sláttur á stærri görðum - 30 kr. m<sup>2</sup>.

Lágmarksgjald fyrir umhirðu/hreinsun er 4.900 kr.

Umhirða/hreinsun garða allt að 200 m<sup>2</sup> - 40 kr. m<sup>2</sup>.

Umhirða/hreinsun stærri garða - 30 kr. m<sup>2</sup>.

### **3. gr.**

#### **Réttur til garðsláttar**

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum kaupstaðarins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði. Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar en annars ekki. Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

### **4. gr.**

#### **Fjöldi slátta og fyrirvari**

Garðar umsækjenda eru slegnir eftir umsóknnum umsækjenda og eins og við verður komið af hálfu vinnuskólans. Gera má ráð fyrir að sláttur fari fram á vikutíma eftir að umsókn er móttækin.

### **5. gr.**

#### **Viðmið og mörk**

Gjaldskrá þessi miðast við sléttar grasflatir. Um annað þarf að semja sérstaklega við bæjarverkstjóra.

## **6. gr.**

### **Umsjón**

Sláttur er í umsjón áhaldahúss kaupstaðarins og bæjarverkstjóri umsjónaraðili.

## **7. gr.**

### **Umsóknir og reikningar**

Umsóknir um garðslátt skulu berast bæjarskrifstofunni á eyðublöðum sem fást þar eða á heimasíðu bæjarins. Reikningar eru sendir út í byrjun hvers mánaðar á eftir.

## **8. gr.**

### **Gildistaka**

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 11. desember 2019.